

Krafturinn í fjöldanum

Efnahagshorfur 2023-2025

Arion Greining
15. maí 2023






Það helsta

Ný hagspá Arion banka gerir ráð fyrir að áfram muni blása byrlega í segl þjóðarskútunnar og eru horfur á meiri hagvexti í ár en áður var talið. Mikil fólksfjölgun, hraðari uppsveifla ferðaþjónustunnar en gert var ráð fyrir í síðustu spá og öflug fjárfesting, studd af lágum raunvöxtum síðustu misseri, leiðir að okkar mati til 5,1% hagvaxtar í ár. Með öðrum orðum, fjölgun íbúa og ferðamanna drífur áfram hagvöxt. Á næsta ári er hins vegar útlit fyrir að verulega hægi á með 1,6% hagvexti, m.a. vegna vaxtahækkana, en að hagkerfið leiti í langtímahagvöxt árið 2025.

Stærsta vandamálið sem efnahagslífið glímir við um þessar mundir er tæp 10% verðbólga sem hefur ítrekað reynst þrálátari en áður var talið. Við gerum engu að síður ráð fyrir að verðbólgan hjaðni næstu misseri en það mun kosta frekari vaxtahækkanir.

Hagkerfið er almennt í góðu ásigkomulagi og við erum bjartsýn á framtíðarhorfur efnahagslífsins. Þar skipta metnaðarfull áform í fiskeldi, orkuskiptum, ýmsum tæknigreinum, lyfjaiðnaði og fleiri atvinnugreinum miklu máli. Spáin er þó farfærin hvað þessi áform varðar en gangi þau eftir eru líkur á að hagvöxtur geti verið sögulega mikill næstu ár.

Á hinn bóginn getur ýmislegt þróast til verri vegar. Horfur eru á hægagangi, og jafnvel niðursveiflu, í okkar viðskiptalöndum sem getur smitast hingað og vaxtahækkanir um heim allan, þ.m.t. á Íslandi, gætu bitnað meira á raunhagkerfinu en við gerum ráð fyrir. Þá er ótalin reynsla okkar af heimsfaraldri og stríðsátökum síðustu ára: Ýmsir ófyrirséðir atburðir geta hæglega sett strik í reikninginn.




Kröftugur hagvöxtur í ár

Hagkerfið keyrir á fullum
afköstum

Við reiknum með 5,1% hagvexti í ár sem er umtalsvert meiri vöxtur en í síðustu spá. Skýrist það helst af kröftugri einkaneyslu og áframhaldandi vexti ferðaþjónustunnar sem stefnir hraðbyri á áþekkar slóðir og þegar mest lét á árunum fyrir heimsfaraldur. Fjárfesting mun einnig vera nokkuð kröftug.

Á næsta ári er útlit fyrir að það hægi verulega á hvert sem litið er. Það dregur úr einkaneysluvextinum, ferðaþjónustan nær mettun og fjárfesting gefur eftir, m.a. vegna stýrivaxtahækkana Seðlabankans. Þá vex samneyslan hægar en síðustu ár samhliða auknu aðhaldi ríkis og sveitarfélaga.


Árið 2025 nær hagkerfið svo aukinni siglingu á ný með auknum fjárfestingarumsvifum. Öll árin verður framlag utanríkisverslunar til landsframleiðslu jákvætt, sem að óbreyttu hjálpar að draga úr eða snúa við viðskiptahalla síðustu ára.




Önnur leið að svipaðri heildarniðurstöðu

Ólíkar spár undirstrika óvissu og ólíkar forsendur

Bjartsýnni í ár – svartsýnni á næsta ár




Hagvöxtur á mann fremur hóflegur




Eggið eða hænan? Hagvöxtur eða fólksfjölgun? Eða bara fólksfjöldadrifinn hagvöxtur

Ekkert lát á fólksfjölgun á 1. ársfjórðungi – 3.060 manna fjölgun




Mikil fólksfjölgun og hagstæð aldurssamsetning




Hvernig stöndum við í alþjóðlegum samanburði?

Sínum augum lítur hver silfriðen okkar vandamál eru keimlík því sem mörg önnur ríki kljást við:


1. Verðbólgan er enn vandamál á heimsvísu



2. Vextir fara hækkandi






3. Opinber fjármál í járnum



Hagvöxtur meiri og horfur hér betri en víðast hvar



En verðbólgan virðist vera þrálátari




Fljúgandi fyrsti fjórðungur

Hvað sem síðar verður er ljóst að það er talsverður hagvöxtur á fyrri hluta ársins


1. Mikil fjölgun vinnustunda – um 6,5% á 1. ársfjórðungi miðað við hóflegan 1% framleiðnivöxt – felur í sér tæplega 8% hagvöxt á fjórðungnum.
2. Kortavelta á mikilli siglingu þrátt fyrir að hægt hafi á vextinum.
3. Töluverð veltuaukning í hagkerfinu, að teknu tilliti til verðbólgu. Ferðapjónusta, verslun og byggingaiðnaður leiða vöxtinn.
4. Leiðandi hagvísir bendir til mikils hagvaxtar um þessar mundir.



Velta skv. VSK skýrslum í janúar-febrúar
- ma.kr. á verðlagi 2023





Leiðandi hagvísir Analytica
- Langtímaleitni=100



Vöruskiptin draga fram stóru myndina í efnahagsþróuninni


Tímabundið bakslag í vöruútflutningi, en innflutningur vex enn samhliða auknum umsvifum




Ferðapjónustan er komin í fyrra far – hvað svo?

Misvísandi vísbendingar


Mikil eftirspurn eftir flugi til landsins endurspeglast í verði



Kaupmáttur í viðskiptalöndum – sterkari en þú hélt?



Neysla hvers ferðamanns hefur gefið eftir á ný



Mikill vöxtur í ár – hóflegri á næstu árum


Spáum 2,2 milljónum ferðamanna í ár

Ferðaþjónustan hefur komið til baka af meiri krafti en flest gerðu ráð fyrir og ferðamannatölur, tekjur og nýting hótélherbergja eru nú þegar á svipuðum slóðum og fyrir heimsfaraldur. Við gerum ráð fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna í ár og að fjöldinn verði áþekkur því sem gerðist árin fyrir heimsfaraldur.

Hvað gerist næstu tvö ár er nokkuð óljóst. Við reiknum með áframhaldandi en hægari vexti í flug- og gístiframboði sem setur fjölgun ferðamanna ákveðnar skorður.


Við reiknum með að neysla ferðamanna verði fremur lítil að raunvirði í sögulegu samhengi, líkt og þróun síðustu mánaða bendir til. Hverju ferðaþjónustan skilar til þjóðarbúsins ræðst ekki síður af neyslu ferðamanna hér á landi og því eru tækifæri til að auka tekjur af ferðamönnum meira en spá okkar gefur til kynna, ef neysla hvers ferðamanns verður meiri.

Brottfarir erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll
- milljónir




„Annar“ útflutningur gæti skemmt spána okkar – á góðan hátt

Annar útflutningur en stoðirnar þrjár er veigamikill



Vöxtur síðustu ár hefur verið kraftmikill



Metnaðarfull áform á ýmsum sviðum



Mikill vöxtur og enn stærri áform í lyfja- og líftækniiðnaði



Ýmis önnur hugvitsdrifin starfsemi er í töluverðum vexti – sterkur grundvöllur eftir vöxt í R&D



Áframhaldandi vöxtur í fiskeldi á sjó og landi



Ýmis spennandi verkefni tengd orku og loftslagsmálum, t.d. kolefnisförgun




Annar útflutningur: kröftugur vöxtur, varfærnar forsendur

Fiskeldi drífur vöxtinn að mestu leyti en það eru mörg „ef“

Fjórða stoðin, alþjóðageirinn og hugverkaiðnaður – allt eru þetta nöfn sem hafa verið notuð um þær útflutningsgreinar sem falla ekki undir hinar hefðbundnu: stóriðju, ferðaþjónustu og sjávarútveg. Þessar greinar hafa almennt dafnað vel síðustu ár, þó við gerum ráð fyrir fremur litlum vexti í ár (1%).

Árin 2024 og 2025 er aftur á móti útlit fyrir töluverðan vöxt, einkum drifinn áfram af fiskeldi og lyfjaiðnaði. Miðað við fyrirhuguð áform erum við tiltölulega varfærin og því gæti vöxturinn í þessum greinum, og fleirum, hæglega orðið mun hraðari.

Annar vöru- og þjónustuútflutningur
- án ferðaþjónustu, sjávarútvegs, álframleiðslu, skipa og flugvéla, ma.kr. á verðlagi ársins 2022




Hægir á útflutningsvexti

Útflutningur hefur sjaldan aukist jafn mikið og í fyrra, þegar viðspyrna ferðapjónustunnar hófst af fullum krafti. Útlit er fyrir mun hægari vöxt í ár, enda aðeins ferðapjónustan og áliðnaðurinn að skila jákvæðu framlagi.



Til viðbótar við lítinn vöxt annars útflutnings er útlit fyrir hóflegan vöxt í álútflutningi og samdrátt í útflutningi sjávarafurða vegna minni þorsk- og loðnuafla í ár. Það verður því ferðapjónustan sem ber hitann og þungan á yfirstandandi ári en er líður á spátímann jafnast byrðarnar.

Við reiknum sem fyrr segir með því að tekjur á hvern ferðamann verði sögulega fremur lágar út spátímann, en að þær taki að aukast samhliða auknum hagvexti í viðskiptalöndum sem skýrir að miklu leyti aukið framlag þjónustu til útflutnings árið 2025. Hvað sem verður undirstrikar það vel að fjöldi ferðamanna skiptir ekki öllu máli heldur hverju þeir skila til hagkerfisins.



Kortaveltan og einkaneyslan enn á fleygiferð

Mikill einkaneysluvöxtur virðist engan endi ætla að taka – er aldrei komið nóg?




Höfum við efni á þessu?

Fjárhagsstaðan, heilt yfir, segir já

Enn sparnaður til staðar eftir faraldur



Sögulega og alþjóðlega litlar skuldir




Þaninn vinnumarkaður hefur stutt við einkaneysluna

Innflytjendur tæplega 80% af
fjölgun starfandi sl. 12 mánuði



Vinnumarkaðurinn jafnaði sig ánægjulega
hratt eftir að það versta var afstaðið í
heimsfaraldrinum. Nú þegar búið er að
endurheimta þann fjölda starfa er tapaðist í
faraldrinum – og rúmlega það – er störfum
enn að fjölga mjög hratt. Við gerum ráð fyrir
að það hægi á fjölguninni eftir því sem líður á
árið og svo einkum á næsta ári þegar við
væntum þess að atvinnuleysi aukist lítillega.

Ljóst má þó vera að þetta mikil fjölgun á
launaskrá fyrirtækja og stofnana landsins
skapar töluverða eftirspurn. Því verður enn
um sinn verulegur meðbyr með
einkaneyslunni einfaldlega vegna mikillar
fjölgunar starfa og íbúa.



Miklar launahækkkanir næstu ár

Hóflegur kaupmáttarvöxtur fram undan en atvinnuleysi eykst þegar hægir á hagvexti



Af hverju hækka laun svona mikið?


Sagan er okkur ekki mjög hliðholl

Sögulega séð hafa laun hækkað árlega um tæp 7% á Íslandi síðustu þrjá áratugi. Til að launahækkarnir verði í samræmi við 2,5% verðbólguþröskulmarkmið, viðskiptakjör og framleiðni - sem hefur ekki verið venjan hér á landi - er líklegt að eitthvað þurfi að breytast. Þar má til dæmis nefna sýn aðila vinnumarkaðarins á stöðu efnahagsmála eða löggjöf vinnumarkaðarins. Við gerum ekki sérstaklega ráð fyrir slíkum breytingum og því er líklegasta niðurstaðan sú að launahækkarnir verði áfram miklar á næstu árum.

Hversu mikil áhrif það hefur á verðlag ef laun hækka umfram getu hagkerfisins er ætíð erfitt að segja, en hættan á hinni klassísku víxlverkun hækkandi launa og verðlags er sannarlega til staðar. Á hinn bóginn styðja launahækkarnir einar og sér við einkaneyslu, en fyrir því eru takmarkanir og til að það gerist þarf framleiðslugeta hagkerfisins að standa undir þeim.

Launahækkarnir í spánni eru nokkuð umfram undirliggjandi framleiðnivöxt og verðbólguþröskulmarkmið Seðlabankans. Stóra spurningin þá er hvort, og að hversu miklu leyti, hækkandi laun birtast í hærri verðlagi eða hærri hlutdeildar launakostnaðar í landsframleiðslu. Við reiknum með að það verði beggja blands.

Launavísitalan
- % breyting milli ára





Mikil fólksfjölgun = Mikill einkaneysluvöxtur?

Niðurstaðan er því 5,8% einkaneysluvöxtur í ár, 2,5% á næsta ári og 2,8% árið 2025. Þetta er töluverð aukning frá því sem áður var gert ráð fyrir, sem helgast af meiri efnahagsumsvifum og mikilli fólksfjölgun.

Vöxturinn kann að virðast mikill en til að átta sig á samhengi hlutanna er gagnlegt að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi er hluti einkaneysluvaxtar síðustu ára einfaldlega bati eftir samdráttinn 2020. Í öðru lagi er einkaneysla á mann að aukast álíka mikið og kaupmáttur. Vöxturinn er einnig áþekkur því sem var 2019 til 2022.

Auðvelt er að teikna upp minni einkaneyslu, t.d. vegna vaxtahækkana Seðlabankans. Einnig er auðvelt að teikna upp meiri einkaneyslu í framangreindu samhengi, einkum þar sem fjárhagstaða heimilanna í heild er góð, þó víða kreppi að vegna verðbólgu og vaxtahækkana.





Íbúðafjárfesting gefur eftir þó þörfin sé til staðar

Áfram sögulega mikil
eftirspurn en hægir á vegna
vaxtahækkana



Staðan á fasteignamarkaði er einn af ráðandi þáttum einkaneyslu. Þar hefur orðið nokkuð hraður viðsnúningur að undanfögnu á eftirspurnarhliðinni, bæði í verðhækkunum og veltu á eftirspurnarhliðinni, en á framboðshliðinni benda skammtíamávísendingar enn til töluverðrar fjárfestingar. Við reiknum hins vegar með að íbúðafjárfesting gefi lítillega eftir á komandi árum vegna þróunar á fasteignamarkaði, hækkun kostnaðar og hækkun vaxta.

Vegna mikillar fólksfjölgunar fer íbúðaskortur vaxandi í ár en sú þróun snýst við á næstu misserum samhliða hægari fólksfjölgun og minni hagvexti.





Öll vötn falla til hægagangs á fasteignamarkaði...

Hækkandi vextir ásamt miklum húsnæðisverðhækkunum umfram tekjur og byggingakostnað síðustu ár setja íbúðaverði skorður. Við sjáum fram á litlar sem engar nafnverðshækkanir næsta árið eða svo



... sem er eðlilegt miðað við vexti og laun

Greiðslubyrði verðtryggðra lána er einnig hærri en sögulega, þó munurinn sé minni en í tilfelli óverðtryggðra lána. Í þessu umhverfi er eðlilegt að það verði aðlögun, líka með tilliti til leiguverðs sem er sögulega lágt miðað við íbúðaverð.




Fjarskafallett verðbólguþétt

Innlendur verðbólguþéttur
áfram mikill

Síðastliðin misseri hefur verðbólgan hvað eftir annað komið á óvart og reynst meiri en flestir væntu. Í ljósi þeirrar reynslu er hættan vissulega sú að verðbólgan verði meiri en hér er spáð. Jafnvel þó spá okkar rætist og verðbólga hjaðni, m.a. vegna hækkunar vaxta, verður hún enn mikil fram til ársins 2025 og fyrir ofan verðbólguþétt allan spátímann.

Húsnæðisverð mun vega á móti verðbólgu næstu misseri og þá mun hægja verulega á innfluttri verðbólgu samhliða minni verðbólgu í okkar helstu viðskiptalöndum. Aftur á móti verður áfram töluverð innlend verðbólga út spátímann. Þar leika launahækkunir og mikil innlend eftirspurn lykilhlutverk.




Háir vextir kveðja ekki í bráð

Peningastefnunefnd hefur beitt sér af fullum þunga það sem af er ári enda hafa verðbólguþæðingar og hækkun verðbólguþæðinga reynst nefndinni, og flestum, vonbrigði.

Síðasta verðbólguþæðing (apríl) var einnig reiðarslag, verðbólguþæðingar eru háar, raunvextir lágir, eða neikvæðir eftir því hvaða mælikvarða er horft á, og framleiðsluspenna að líkindum meiri en áður var talið. Við teljum að allt þetta muni knýja nefndina til að hækka vexti um samtals 1,5 prósentustig í maí og ágúst.

Í spá okkar fer verðbólga hjaðnandi sem loks lyftir upp raunvöxtum. Nafnvextir taka þar af leiðandi aftur að lækka undir lok árs 2024, þegar hægt hefur verulega á hagkerfinu. Verðbólga kemur áfram niður árið 2025 og þá gætu vextir lækkað enn frekar. Vextir verða engu að síður enn tiltölulega háir undir lok spátímans eða 5,5%.




Vextir bíta í fjárfestingarstigið

Líkt og fyrr segir teljum við að draga muni úr íbúðafjárfestingu á næsta ári. Háir vextir bíta víðar því það dregur einnig úr fjárfestingu hins opinbera. Þar spila saman aðhaldsaðgerðir og frestun framkvæmda hjá ríkinu, en einnig teljum við líklegt að þröng fjárhagsstaða margra sveitarfélaga geti bitnað á fjárfestingu.

Atvinnuvegafjárfesting finnur líka fyrir breyttu vaxtaumhverfi og stendur t.a.m. hefðbundin atvinnuvegafjárfesting í stað á næsta ári áður en hún tekur svo aftur við sér árið 2025. Á móti vegur að útlit er fyrir þó nokkurn fjárfestingavöxt í raforkuframleiðslu og stóriðju á næsta ári svo að atvinnuvegafjárfesting vex í heild sinni.


Fjárfesting er líklega sá liður sem hefur sögulega reynst erfiðast að spá fyrir um enda sérstaklega sveiflukenndur og óvissan þar af leiðandi mikil. Því geta breyttar forsendur haft veruleg áhrif á þróun mála.




Fjárfestingastigið á ágætum stað þó hægi á

Fjárfesting verður við langtímameðaltal næstu misseri – við gætum engu að síður gert betur

Atvinnuvegafjárfesting
- Vöxtur og framlag undirliða



Fjárfesting
- sem hlutfall af VLF




Innflutningur vex enn myndarlega

Innflutningur hefur vaxið mjög mikið síðustu tvö ár sem hefur leitt til viðskiptahalla, þrátt fyrir að ferðaþjónustan hafi náð sér mjög hratt á strik.

Við reiknum með að það taki að hægja á innflutningsvextinum, en tölur síðustu mánaða benda nú þegar til þess. Hægja mun mikið á innflutningi hvers konar neysluvara á þessu ári, eftir mikinn vöxt árin á undan, en á hinn bóginn teljum við að enn verði töluverður vöxtur í innflutningi fjárfestingarvara. Þjónustuinnsflutningur mun einnig vaxa hratt, þó að hlutfallslegur fjöldi Tene-tása vaxi hægar en síðustu misseri.

Það eru takmörk fyrir því hversu mikinn innflutning hagkerfið þarf og krónan ber. Breyttar hagvaxtarforsendur og breytingar á gengi krónu geta því haft mjög mikil áhrif.





Viðskiptajöfnuður braggast

Hagkerfið hefur síðustu misseri búið við viðskiptahalla og reiknum við með að sú verði einnig raunin í ár. Þróunin er þó upp á við og teljum við að hallinn fari minnkandi og að viðskiptajöfnuðurinn verði orðinn jákvæður árið 2024.

Fyrir utan almenna óvissuþætti um magn inn- og útflutnings, skiptir verð inn- og útflutnings ekki síður máli, þ.e.a.s. viðskiptakjör þjóðarbúsins. Við erum tiltölulega bjartsýn á viðskiptakjörin en reynist þau lakari verður að óbreyttu erfiðara að snúa viðskiptahalla í afgang.

Viðskiptajöfnuðurinn er bara einn hluti af því gjaldeyrisflæði sem hefur áhrif á gengi krónunnar. Allt frá árinu 2021 hefur þar verið þokkalegt jafnvægi og miðað við líklega sviðsmynd verður svo áfram í ár. Það sést best á því að liðurinn „aðrir liðir og óútskýrt“ verður á svipuðum slóðum og 2021-2022. Ekki þarf að fjölyrða um að óvissan um flæði á gjaldeyrismarkaði er gríðarlega mikil.





Krónan stöðug...

... þar til annað kemur í ljós

Heilt á litið er gengi krónunnar um þessar mundir ansi nálægt því sem þarf til að stuðla að ytra jafnvægi á næstu misserum. Krónan er fremur sterk í sögulegu samhengi en undirstöðurnar, t.d. erlend skuldastaða og gjaldeyrisforði eru líka sterkari en oftast áður.

Í ár mun íslenska hagkerfið vaxa hraðar en okkar helstu viðskiptalönd auk þess sem líkur eru á að skammtí mavaxtamunur fari heldur vaxandi. Hvort tveggja er líklegt til að styðja við gengið og því gætum við séð gengisstyrkingu í ár. Þá gætu væntingar, sem allt snýst um til skamms tíma, verið krónunni hliðhollar samhliða mikilli fjölgun ferðamanna.

Aftur á móti hægir á efnahagslífinu á næsta ári og þá er launa- og verðlagspróun með þeim hætti að gengið mun fyrr eða síðar gefa eftir. Við sjáum ekki miklar breytingar í kortunum en teljum að gengi krónunnar gefi eftir er líður á spátímann.



Þróun helstu hagstærða

<i>Landsframleiðsla og undirliðir (eldri spá Arion banka innan sviga)</i>					
<i>Breyting frá fyrra ári (%)</i>	2021	2022	2023	2024	2025
Einkaneysla	7	8,6 (8,0)	5,8 (1,7)	2,5 (2,9)	2,8 (3,2)
Samneysla	2,4	1,6 (1,9)	1,3 (2,1)	0,9 (1,4)	1,1 (1,9)
Fjármunamyndun	9,8	6,9 (8,0)	2,3 (-2,8)	-0,7 (0,2)	4,3 (3,1)
<i>Atvinnuvegafjárfesting</i>	14,4	15,2 (18,6)	5,2 (-3,0)	2,2 (-0,5)	6,5 (3,9)
<i>Fjárfesting í íbúðarhúsnæði</i>	-5,2	-6,3 (-3,1)	9,0 (3,5)	-7 (2,5)	-3,0 (1,2)
<i>Fjárfesting hins opinbera</i>	18,9	-0,9 (-3,3)	-3,9 (-4,4)	-3,8 (-0,5)	4,0 (2,8)
Þjóðarútgjöld	6,3	6,4 (6,5)	3,9 (0,8)	1,4 (1,9)	2,7 (2,8)
Útflutningur vöru og þjónustu	14,7	20,6 (20,0)	8,1 (5,0)	4,3 (6,7)	3,7 (2,9)
Innflutningur vöru og þjónustu	19,9	19,7 (20,2)	5,7 (3,2)	3,9 (4,5)	3,5 (3,4)
Verg landsframleiðsla	4,3	6,4 (6,0)	5,1 (1,6)	1,6 (2,8)	2,8 (2,6)
<i>Aðrar efnahagsstærðir (eldri spá Arion banka innan sviga)</i>					
<i>Hlutfall af VLF (%)</i>	2021	2022	2023	2024	2025
Viðskiptajöfnuður	-2,4	-1,5 (-3,6)	-1,1 (-3,9)	0,5 (-1,3)	1,0 (-0,6)
Fjárfesting	22,2	22,4 (23,5)	21,8 (22,6)	20,8 (22,0)	21,0 (22,1)
<i>Breyting milli ársmeðaltala (%)</i>					
Verðbólga	4,4	8,3 (8,3)	8,6 (6,0)	5,9 (4,0)	4,1 (3,3)
Launavísitala	8,3	8,3 (7,9)	9,8 (7,3)	7,4 (5,8)	6,4 (4,9)
Kaupmáttur launa	3,7	0,0 (-0,2)	1,1 (1,6)	1,4 (1,7)	2,2 (1,6)
Húsnæðisverð	14,3	22,2 (22,1)	5,2 (3,0)	0,8 (1,9)	3,2 (4,0)
Raunverð húsnæðis	9,4	12,8 (12,7)	-3,1 (-2,7)	-4,8 (-2,1)	-0,8 (0,7)
Raungengi	3,9	3,9 (3,6)	-0,1 (-1,3)	4,9 (4,6)	-0,5 (-0,2)
<i>Ársmeðaltal</i>					
Meginvextir Seðlabanka Íslands (%)	1,1	4,4 (4,4)	8,0 (5,9)	8,9 (5,3)	6,7 (4,3)
Atvinnuleysi (%)	6,0	3,8 (3,8)	3,6 (3,9)	4,0 (3,7)	3,8 (3,8)
EUR/ISK	150	142 (141)	149 (143)	147 (139)	151 (141)



Fyrirvari

- Kynning þessi hefur verið útbúin af Arion banka hf. (hér eftir „bankinn“) eingöngu til upplýsinga. Kynningin felur hvorki í sér fjárfestingagreiningu né fjárfestingarráðgjöf í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og tengdra reglugerða og tekur ekki tillit til persónulegra fjárfestingamarkmiða eða aðstæðna móttakanda hennar og er ekki ætlað að mæla með eða leggja til nokkurs konar fjárfestingaráætlun. Þær skoðanir sem fram koma í kynningunni endurspeglar aðeins núverandi skoðanir höfunda hennar og geta tekið breytingum án fyrirvara. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að veita móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi opinberum upplýsingum og áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða og hafa verið teknar saman í góðri trú frá heimildum sem taldar eru áreiðanlegar. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þar meðtalið hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar á vegum bankans, tekur enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Mun bankinn ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og skal bankinn ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Þær upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru birtar á þeirri forsendu að þær teljist vera ásættanlegur minniháttar ófjárhagslegur ávinningur í skilningi íslenskra laga og reglna. Það er á ábyrgð móttakanda kynningarinnar að kynna sér þær reglur sem gilda um móttöku hans á kynningu þessari og ganga úr skugga um að honum sé heimilt að taka á móti kynningunni.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.



